

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagsbreyting, Eyravegur 11-13, Selfossi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 20. september 2017 breytingu á deiliskipulagi Eyravegur 11-13, Selfossi. Í breytingunni felst, að í stað íbúða verður gert ráð fyrir hóteli í húsinu. Hótelið verður fjögurra hæða með kjallara. Gert er ráð fyrir 70 hótélherbergjum. Á fyrstu hæð verður móttaka, morgunverðarsalur, skrifstofa og e.t.v. önnur þjónusta. Hótélherbergi verða á fyrstu, annarri, þriðju og fjórðu hæð. Í kjallara verður starfsmannaaðstaða, línherbergi og geymslur. Nýtingarhlutfall er 1,44 ofanjarðar en 1,79 ef kjallari er tekinn með.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 14. október 2017.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 17. október 2017